

Minnisblað um umsögn Guðna Valberg í tölvupósti

Óskað var eftir umsögn Guðna Valberg arkitekts vegna fyrirhugaðra byggingaráforma við Strandveg 44. Eftirfarandi samantekt er byggð á ábendingum Guðna sem sendar voru í tölvupósti.

Almennt þarf að draga í land með byggingarmagn þar sem það er augljóslega of mikið fyrir reitinn.

Of mikið byggingarmagn snýst ekki bara um skuggavarp og útsýnisskerðingu, heldur líka tilfinningu fyrir því að byggingarmassinn sé of mikill, að verið sé að troða of miklu byggingarmagni á of litla lóð.

Það er nauðsynlegt að 4. hæðin sé það mikið inndregin að upplifun af húsinu sé að það sé 3 hæðir í þessu þrönga bili milli húsanna.

Það að draga alla norðurhliðina inn um 2m myndi gera mjög mikið og þá loftar mun betur um þessar byggingar og þetta verður minna þröngt húsasund fyrir vikið (þ.e. milli Strandvegs 44 og Tangagötu 10).

Það myndi einnig hjálpa að draga inn efstu hæðina vestan megin.

Helst væri eftirsótt að sjá einhverjar grófar skissur af því hvernig húsið er hugsað að innan. Þannig fær hönnuður hússins tækifæri til að sýna meira unnið hús, í stað þess að ætla að móta byggingarmassann allan fyrst og setja svo bara glugga á hann.

Góð regla og í raun mjög mikilvægt er að hámarks byggingarmagn sé ekki nákvæmlega það sama og þrívíður byggingareitur býður upp á. Lóðarhafi mun alltaf hámarka það sem hann má, og til að fá meira uppbrot í massann, en byggingarreitur leyfir, er byggingarmagn haft minna.

Höfundur minnisblaðs: Dagný Hauksdóttir